

Minnisblað

Til: Menningarmálanefnd
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 4. nóvember 2021
Mnr. 2021100083



ÍSAFJARÐARBÆR

Ólöf Dómhildur

Þann 21. október 2021 óskaði Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir eftir heimild sveitarfélagsins til að setja upp verk við göngustíginn við Fjarðarstræti, við grjótgarðinn fær sjávarsíðunni.

Verkið er hluti af sýningunni nr. 4 Umhverfing, og verður haldin sumarið 2022, á ýmsum stöðum í sveitarfélaginu.

Lýsing Ólafar er eftirfarandi: „Markmið verkefnisins Umhverfing er að setja upp verk myndlistarmanna í þeirra „heimabyggð“, það er byggðarlagi sem þeir tengjast búsetu- eða ættarböndum. og setja upp myndlistarsýningar í húsnæði þar sem ekki endilega er hefð fyrir nútímamyndlist. (<http://www.bb.is/2021/03/umhverfing-er-myndlistarferdalag-umhverfis-landid/>).

Ég óska eftir leyfi til að setja upp verk við göngustíginn við Fjarðarstræti nánar tiltekið í grjótgarðinum fjær sjávarsíðunni. Verkið yrði tímabundið og gert af fagmennsku svo að það ætti ekki að trufla nágranna eða gangandi vegfarendur en mögulega eitthvað til að njóta á göngu um svæðið. Sýningin stendur yfir frá júní til september. Stefnt er á að setja upp innsetningu og mögulega skilti með ljósmyndum og texta.“

Óskað er því eftir heimild menningarmálanefndar fyrir verkinu sumarið 2022.